



Fundargerð stjórnar SOS nr. 320

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 2. október 2023, kl. 14:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og í fjarfundarbúnaði Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

1. Undirbúningur fyrir aðalfund SOS

Farið yfir fyrirliggjandi drög að dagskrá aðalfundar.

Ræddar tillögur fyrir dagskrá fundarins um nýtingu fjármuna í sameiginleg verkefni, svo sem vegna móttöku á úrgangi úr fituskiljum. Á síðasta fundi SOS var framkvæmdarstjóra SASS falið að senda út erindi á sveitarfélögin þar sem óskað væri eftir ábendingum frá aðildarsveitarfélögum varðandi möguleg verkefni fyrir SOS til að vinna að, sem myndi nýtast öllum sveitarfélögum á svæðinu og var fyrirhugað að leggja niðurstöðurnar fyrir þennan fund. Svör bárust frá 7 sveitarfélögum og mun stjórn vinna úr tillögunum fram að boðun aðalfundar.

Rædd erindi/kynningar frá Orkugerðinni og Úrvinnslusjóði.

Farið yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá.

Formanni falið að klára vinnu við drög að endurskoðuðum samþykktum SOS og bera undir stjórnarmenn áður en þau verða send út með fundarboði fyrir aðalfund.

2. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði haldinn þann 25. október nk. kl. 20:00. Stefnt að því að fundur verði haldinn þann 13. nóvember nk. kl. 13 á Hvolsvelli og farið verði í skoðunarferð á Strönd.

Fundi slitið klukkan 15:15.